

Freyr Sigurjónsson flautuleikari lauk einleikara-prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978. Hann fór til framhaldsnáms að Royal Northern College of Music í Manchester og naut þar meðal annars leiðsagnar Trevor Wye, Roger Rostron, P. Morris og William Bennet. Að loknu PPRNCM prófi árið 1982 var hann ráðinn fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao á Spáni og kennari við tónlistarskólann þar. Hefur hann starfað þar síðan. Freyr hefur leikið með hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu. Hann frumflutti meðal annars flautukonsert Carl Nielsen á Spáni með hljómsveitinni í Bilbao. Freyr hefur þegið boð um að leika með m.a. ORTVE í Madrid og Virtuosos of Moskow. Samhliða starfi sínu við Sinfóníuhljómsveitina í Bilbao hefur Freyr haldið fjölda námskeiða á Spáni, meðal annars í Santander, Burgos og með hljómsveit æskunnar í Andalúsíu.

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og síðar sótti hún tíma hjá Gerald Beal í New York. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum síðustu aldar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum. Frá nýliðnum árum má nefna tónleika í Weill sal Carnegie Hall í New York og í Washington borg, í röðinni The Embassy Series. Nýútkominn geisladiskur hennar og Hjörleifs Valssonar; *44 Duos* eftir Béla Bartók hefur hlotið frábæra umsögn tónlistargagnrýnenda. Hún vinnur nú einnig að upptökum á öllum einleiksverkum J.S. Bach fyrir fiðlu. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Iwona Andrzejczak-Skrzypczak víóluleikari fæddist í Poznan í Póllandi og stundaði nám hjá Stefan Kamasa við Tónlistarháskólann í Varsjá og hlaut þar verðlaun hinnar pólsku Víólukeppni. Hún var um árabíl fyrsti víóluleikari Fílharmoníuhljómsveitar Póllands og einnig félagi í Grazyna Bacevicz strengjakvartettinum og ferðaðist með þeim víða um heim. Leikur hennar hefur verið hljóðritaður fyrir útvarp, sjónvarp og fjölda geisladiska. Jafnhliða einleikaraferli sínum

sinnti hún mjög mikilvægu starfi sem kennari við Tónlistarháskólann í Varsjá. Frá árinu 1989 hefur hún verið leiðari víóludeildar Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao og leikið einleik með sveitinni.

Jerzy Andrzejczak sellóleikari fæddist í Kalisz í Póllandi og stundaði nám hjá Arnold Rezler í Tónlistarháskólann í Varsjá og einnig hjá Tartray, Szafran, Flazman og Véctomov. Í hálfan annan áratug var hann félagi í Rezler strengjakvartettinum sem hlaut fyrstu verðlaun í pólsku strengjakvartettsamkeppninni og þriðju verðlaun í alþjóðlegu strengjakvartettsamkeppninni í Búdapest 1973. Þá var hann félagi í Kammerhljómsveit Fílharmoníuhljómsveitar Póllands og Sinfóníuhljómsveit Ríkisútvarpsins í Varsjá og kom þar oft fram sem einleikari. Hann var fyrsti sellóleikari Óperuhljómsveitarinnar í Varsjá jafnframt því að vera prófessor við Tónlistarháskólann í Varsjá. Frá árinu 1989 hefur hann verið leiðari sellódeildar Sinfóníuhljómsveitar Bilbao.

Anna Áslaug Ragnarsdóttir hóf tónlistarnám sitt við Tónlistarskóla Ísafjarðar og nam síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík. Að loknu einleikaraprófi þar fór hún til framhaldsnáms til Bretlands, Ítalíu og Þýskalands. Anna Áslaug hefur komið fram sem pianóleikari í ýmsum löndum Evrópu og Ameríku. Á Íslandi hefur hún oft leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, haldið einleikstónleika víðs vegar um landið, meðal annars á vegum Myrkra músíkdaga, Norrænna Músíkdaga, Tíbrár og Tónlistarfélaganna í Reykjavík, Ísafirði og Akureyri. Hún hefur leikið inn á upptökum fyrir Ríkisútvarpið og Sjónvarpið. Íslensk Tónverkamiðstöð hefur gefið út hljómplötu þar sem hún leikur verk íslenskra höfunda. Á síðari árum hefur hún einnig verið meðleikari með ljóðasöng og kammertónlist og m.a. leikið á vegum Kammermúsíklúbbsins í Reykjavík. Anna Áslaug er búsett í München og Reykjavík.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Freyr Sigurjónsson flauta

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla

Iwona Andrzejczak lágfiðla

Jerzy Andrzejczak selló

Anna Áslaug Ragnarsdóttir píanó



Sunnadaginn 16. júlí 2006 kl. 20:30

Lykillinn að verkum Bohuslav Martinu liggur í æviferli hans, manns sem ólst upp á umbrotatímum fyrri hluta 20. aldar í austur Evrópu, en flutti síðar til vestur Evrópu þaðan sem hann hraktist vestur um haf og kynntist kalda stríðinu milli Bandaríkjanna og austurblokkarinnar.

Bohuslav Martinu fæddist 1890 í Policka, smábæ á austur Bohemiu - uppi í kirkjuturni því faðir hans var vaktmaður auk þess að vera skósmiður. Sex ára gamall hóf hann fiðlunám og tíu ára var hann farinn að semja tónverk. Frá 1906 nam hann við Konservatoríið í Prag en var látinn að hætta, því hann þótti ekki stunda námið nógu samviskusamlega. Í fyrri heimsstyrjöld starfaði hann sem tónlistarkennari í heimabæ sínum og í lok þess hafði hann samið um 120 tónverk undir áhrifum þýskrar rómantíkur og í anda Smetana. Hann var félagi í Tékknesku filharmoníunni á árunum 1919–23 þegar hún fór í tónleikaferðir til Lundúna, Parísar og Genf. Árið 1923 fékk hann námsstyrk og flutti til Parísar og lauk þar því tónsmíðanámi hjá Alvert Roussel sem hann hóf hjá Josepf Suk í Prag.

Þegar Þjóðverjar marseruðu inn í París 1940–41 flúði Martinu til Bandaríkjanna og tók virkan þátt í tónlistarlífinu í New York og nágrenni, kenndi m.a. við Berkshire School of Music, Mannes School of Music og Princeton. Árið 1953 var hann í Frakklandi um skeið og þremur árum síðar kvaddi hann Bandaríkin og bjó eftir það í Frakklandi, Ítalíu og Sviss, oft þjakaður af veikindum.

Í viðtali við NY Herald Tribune 1942 svaraði hann því til er hann var spurður hverjir væru helstu áhrifavaldar í tónlist hans, að það væri annars vegar þjóðlagatónlist frá Bóhemíu og Moravíu og hins vegar ensku madrigalarnir og impressionísku áhrifin frá Debussy.

Sónata fyrir flautu og píanó er án efa þekktasta verk Martinu, samið sumarið 1945 í Cape Cod í Massachusetts. Ánægja hans með sumardvölinu og gleði yfir lokum seinni heimstyrjaldarinnar skína í gegn um þetta verk eins og heyra má í fuglasöng í þriðja kafla.

Þrír madrigalar fyrir fiðlu og víólu urðu til „kammermúsík árið“ 1947 að beiðni hjónanna Lillian og Joseph Fuchs, sem frumfluttu það sama ár. Ótrúlegur árangur tónskáldsins sem fær þessi tvö hljóðfæri til að hljóma sem margfalt fleiri.

Trío fyrir flautu, selló og píanó er samið á fimm dögum í fríi á Nýja Englandi í júlí 1944. Martinu hafði þjáðst af þunglyndi, en endurnærðist eftir að hafa samið þetta tríó. Það var frumflutt í febrúar 1945 og lýsti Virgil Thomsen því sem gimsteini af björtum hljómi og jákvæðum tilfinningum.

Bohuslav Martinu

1890 – 1959

Sónata

fyrir flautu og píanó 1945

Allegro moderato

Adagio

Allegro poco moderato

Þrír madrigalar

fyrir fiðlu og víólu 1947

Poco allegro

Andante

Allegro

Trío

fyrir flautu, selló og píanó 1944

Poco allegretto

Adagio

Andante - Allegretto scherzando